

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 24

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

11. árgangur

6.5.2004

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2004/EES/24/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3271 – Kabel Deutschland/ish)	1
2004/EES/24/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3415 – CRH/SEMAPA/Secil JV)	2
2004/EES/24/03		Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/E.1/36.212 – Carbonless Paper (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjttíð. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)) . □	3
2004/EES/24/04		Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjttíð. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)) . □	3
2004/EES/24/05		Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjttíð. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)) . □	4
2004/EES/24/06		Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2624 – BP/Erdölchemie (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjttíð. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)) . □	4

2004/EES/24/07	Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 100. fundi hennar 19. september 2001 (framhaldsfundur 28. september 2001) og varðar bráðabirgðadrög að ákvörðun í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand.	5
2004/EES/24/08	Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 105. fundi hennar 22. janúar 2002 og varðar bráðabirgðadrög að ákvörðun í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand	5
2004/EES/24/09	Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 109. fundi hennar 27. maí 2002 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/M.2624 – BP/Erdölchemie	5
2004/EES/24/10	Auglýsingar framkvæmdastjórnarinnar á sviði samkeppnismála	6
2004/EES/24/11	Opin auglýsing eftir tillögum – VP/2003/31 – Aðalskrifstofa atvinnu- og félagsmála: Framkvæmd ákvörðunar ráðsins frá 20. desember 2000 um áætlun í tengslum við rammaáttak bandalagsins um jafnrétti kynjanna (2001–2005).	7
2004/EES/24/12	Auglýsing eftir tillögum fyrir árið 2004 á sviði samstarfs innan bandalagsins um varnir gegn sjávarmengun vegna óhappa eða losunar að yfirlögðu ráði	9
2004/EES/24/13	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar vegna tilmæla framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 2003 um fullnustu ákvæða á sviði umferðaröryggis	9

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3271 – Kabel Deutschland/ish)**

2004/EES/24/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. apríl 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾ með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Kabel Deutschland GmbH (KDG) öðlast með óbeinum hætti yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýsku fyrirtækjunum ish GmbH & Co. KG og ish KS NRW GmbH & Co. KG (einu nafni „ish“) með hlutafjárkaupum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KDG: rekstur breiðbandskapals, sem var áður í eigu Deutsche Telekom AG, í héruðunum Hamborg/Slésvík-Holtsetalandi/Mecklenburg-Vestur-Pommern, Neðra-Saxlandi/Brimum, Berlín/Brandenburg, Saxlandi/Saxlandi-Anhalt/Thüringen, Rheinland-Pfalz/Saarlandi og Bæjaralandi (útsending sjónvarpsmerkja, Internet)
 - ish: rekstur breiðbandskapals, sem var áður í eigu Deutsche Telekom AG, í héraðinu Norður-Rín/Vestfalen (útsending sjónvarpsmerkja, Internet)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 133, 11. maí 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls COMP/M.3271 – Kabel Deutschland/ish, má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3415 – CRH/SEMAPA/Secil JV)**

2004/EES/24/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. apríl 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾ með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið CRH plc öðlast að hluta yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir portúgalska fyrirtækinu Companhia Geral de Cal e Cimento, SA (Secil) sem var áður að fullu undir yfirráðum hins portúgalska SEMAPA, Sociedade de Investimento e Gestao, SGPS SA (SEMAPA) með hlutafjárkaupum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CRH: framleiðsla og dreifing á byggingarefnum
 - SEMAPA: eignarhaldsfyrirtæki með starfsemi fyrst og fremst í byggingariðnaði
 - Secil: framleiðsla á sementi og öðrum byggingarefnum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 133, 11. maí 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls COMP/M.3415 – CRH/SEMAPA/Secil JV, má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/E.1/36.212 – Carbonless Paper**2004/EES/24/03**

(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjttíð. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21))

Réttur fyrirtækjanna til að flytja mál sitt var virtur. Málsmeðferð, bæði munnleg og skrifleg, var með eðlilegum hætti, og málsaðilar fluttu mál sitt við skýrslugjöf hinn 28. mars 2001.

Við það tækifæri kom fram að ófullnægjandi sannanir væru fyrir brotunum, sem lýst var í greinargerð um andmæli, að því er varðar síðasta hluta tímabilsins 1992–1997.

Vegna þessa dró aðalskrifstofa samkeppnismála við útreikning sektar nauðsynlegar niðurstöður að því er varðaði tímann sem brotin stóðu samkvæmt tillögu skýrslufulltrúa. Sektin var því reiknuð á grundvelli gagna sem sýna ótvírætt brot, þ.e. fram til septembermánaðar 1995.

Gjört í Brussel 5. desember 2001.

Serge DURANDE

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand**2004/EES/24/04**

(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjttíð. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21))

Drög að ákvörðun í máli þessu gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda. Málsmeðferð leiddi ekkert óvenjulegt í ljós. Réttur þriðju aðila til að flytja mál sitt var virtur til fulls.

Gjört í Brussel 1. október 2001.

Emil PAULIS

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand**2004/EES/24/05**

(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21))

Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 86 frá 6. apríl 2004.

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2624 – BP/Erdölchemie**2004/EES/24/06**

(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21))

(Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/285/EB – Stjtið. ESB L 91, 30.3.2004, bls. 40)

Drög að ákvörðun í máli þessu á grundvelli 14. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda um málsmeðferðina.

Málsaðilar lögðu fram skriflegt svar við greinargerð um andmæli. Þeir óskuðu ekki eftir aðgangi að málsskjölum og afsöluðu sér réttinum til munnlegrar málsmeðferðar.

Drög að ákvörðun í máli þessu fjalla ekki um önnur andmæli en þau sem málsaðilum hefur gefist kostur á að gefa umsögn um.

Gjört í Brussel 27. maí 2002.

Serge DURANDE

Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 100. fundi hennar 19. september 2001 (framhaldsfundur 28. september 2001) og varðar bráðabirgðadrög að ákvörðun í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand **2004/EES/24/07**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 100. fundi hennar 19. september 2001 (framhaldsfundur 28. september 2001) og varðar bráðabirgðadrög að ákvörðun í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 86 frá 6. apríl 2004.

Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 105. fundi hennar 22. janúar 2002 og varðar bráðabirgðadrög að ákvörðun í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand **2004/EES/24/08**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 105. fundi hennar 22. janúar 2002 og varðar bráðabirgðadrög að ákvörðun í máli COMP/M.2283 – Schneider/Legrand.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 86 frá 6. apríl 2004.

Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 109. fundi hennar 27. maí 2002 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/M.2624 – BP/Erdölchemie **2004/EES/24/09**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 109. fundi hennar 27. maí 2002 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/M.2624 – BP/Erdölchemie.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 84 frá 3. apríl 2004.

Auglýsingar framkvæmdastjórnarinnar á sviði samkeppnismála**2004/EES/24/10**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirtaldar auglýsingar á sviði samkeppnismála:

- Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeiningar um beitingu 81. gr. EB-sáttmálans að því er varðar samninga um tæknilega yfirfærslu
- Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um samstarf í neti samkeppnisstofnana
- Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um samstarf framkvæmdastjórnarinnar og dómstóla í aðildarríkjum ESB um beitingu 81. og 82. gr. EB-sáttmálans
- Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um meðferð framkvæmdastjórnarinnar á kærum á grundvelli 81. og 82. gr. EB-sáttmálans
- Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um óformlega leiðsögn í tengslum við ný álitamál er varða ákvæði 81. og 82. gr. EB-sáttmálans og vakna í einstökum málum (leiðsagnarbréf)
- Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeiningar um hugtakið „áhrif á viðskipti“ í 81. og 82. gr. EB-sáttmálans
- Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – Auglýsing – Leiðbeiningar um beitingu 3. mgr. 81. gr. EB-sáttmálans

Þessar auglýsingar birtust í Stjtið. ESB C 101 hinn 27. apríl 2004.

Opin auglýsing eftir tillögum – VP/2003/31 – Aðalskrifstofa atvinnu- og félagsmála 2004/EES/24/11**Frankvæmd ákvörðunar ráðsins frá 20. desember 2000 um áætlun í tengslum við rammaáttak bandalagsins um jafnrétti kynjanna (2001–2005)**

Hinn 20. desember 2000 ákvað ráðið (sjá ákvörðun 2001/51/EB) ⁽¹⁾ að koma á fót áætlun í tengslum við rammaáttak bandalagsins um jafnrétti kynjanna fyrir tímabilið 1. janúar 2001 til 31. desember 2005.

Samkvæmt c-lið 3. gr. ákvörðunarinnar hefur áætlunin það markmið „að auka hæfni þeirra sem hlutverki hafa að gegna til þess að stuðla með skilvirkum hætti að jafnrétti kynjanna, einkum með stuðningi við upplýsingaskipti og miðlun góðra starfsvenja og við netsamstarf á vettvangi bandalagsins.“

Þessi auglýsing eftir tillögum hefur það að markmiði að fjármagna miðlun milli landa í því skyni að efla jafnrétti kynjanna með þátttöku aðila frá þremur löndum hið minnsta úr hópi aðildarríkja Evrópusambandsins, nýju aðildarríkja ⁽²⁾, landa Evrópska efnahagssvæðisins ⁽³⁾ og ríkja sem hafa sótt um aðild að ESB og hafa ákveðið að taka þátt í 3. flokki áætlunarinnar árið 2004 í samræmi við viljayfirlýsingu sem þau undirrituðu ásamt framkvæmdastjórninni ⁽⁴⁾.

Tillögur skulu koma frá verkefnisstjóra sem tekur heildarábyrgð á tillögunni og gengur til samninga við framkvæmdastjórnina. Verkefnisstjórar verða að hafa réttarstöðu lögaðila.

Umsóknareyðublaðið skiptist í þrennt (í I. hluta skulu skráðar upplýsingar um verkefnisstjóra og þar er einnig að finna eyðublað fyrir bankaupplýsingar, í II. hluta skal skráð fjárhagsáætlun og í III. hluta skal tillagan útlistuð með ítarlegum hætti) og er fáanlegt á rafrænu formi, ásamt öllum upplýsingum sem varða auglýsinguna, í gegnum eftirfarandi netfang:

empl-prog-gender@cec.eu.int

Óstytta texta auglýsingarinnar, ásamt leiðbeiningum um umsóknir og umsóknareyðublaði, er einnig að finna á vefsetri aðalskrifstofu atvinnu- og félagsmála:

http://europa.eu.int/comm/employment_social/equ_opp/index_en.htm

Umsóknareyðublaðið og öll skjöl sem tilheyra umsókninni skulu send í pósti í þríriti (einu undirrituðu eintaki og tveimur afritum af því) réttilega útfyllt og með undirritun lögformlegs fulltrúa verkefnisstjóra eigi síðar en 7. júní 2004 (póststimpill eða móttökukvittun fyrir hraðsendingu sannar afhendingu) á eftirfarandi pósthfang. Skráið á umslagið númer þessarar auglýsingar eftir tillögum.

European Commission
DG Employment and Social Affairs
CAD
Call for proposals VP/2003/31 – EMPL G1 – Equality between
women and men
SPA3 00/07
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 17, 19.1.2001, bls. 22. Vefsetur http://europa.eu.int/comm/employment_social/equ_opp/index_en.htm.

⁽²⁾ Eftirfarandi ríki ólast aðild að Evrópusambandinu 1. maí 2004: Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Tékkland, Ungverjaland, Kýpur, Malta, Slóvakía og Slóvenía.

⁽³⁾ Noregur, Ísland og Liechtenstein.

⁽⁴⁾ Búlgaría og Rúmenía.

Jafnframt skal senda rafræna útgáfu af umsóknareyðublaðinu (I., II. og III. hluta), útfyllta samkvæmt tilskilinni fyrirmynd, að meðtöldu eyðublaði með bankaupplýsingum, á eftirfarandi netfang eigi síðar en 7. júní 2004:

empl-prog-gender@cec.eu.int

Tilgreina skal eftirfarandi sem efni bréfsins („subject“): Númer þessarar auglýsingar (VP/2003/31), nafn verkefnisstjóra og land.

Athygli verkefnisstjóra skal vakin á því að ekki verða teknar til greina gallaðar umsóknir eða óundirritaðar, handskrifaðar umsóknir eða umsóknir sem sendar eru í simbréfi.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 72 frá 23. mars 2004.

**Auglýsing eftir tillögum fyrir árið 2004 á sviði samstarfs innan bandalagsins
um varnir gegn sjávarmengun vegna óhappa eða losunar að yfirlögðu ráði**

2004/EES/24/12

- I.1. Markmið þessarar auglýsingar eftir tillögum er að leiða í ljós verkefni sem gætu átt kost á fjárhagsaðstoð frá aðalskrifstofu umhverfismála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Slík aðstoð er veitt í gegnum sameiginlega fjármögnun.
- I.2. Skjölín, sem fylgja þessari auglýsingu eftir tillögum, hafa að geyma upplýsingar um starfssviðin sem koma til greina og eðli og viðfang verkefnanna (ásamt skilyrðum fyrir styrkveitingu og umsóknareyðublöðum). Þessi skjöl er að finna á vefsetrinu Europa á eftirfarandi slóð:

http://europa.eu.int/comm/environment/funding/intro_en.htm

- I.3. Umsóknarferli og meðferð tillagna:

Frestur til að senda inn tillögur rennur út 28. maí 2004.

Málsmeðferð við val á tillögum er sem hér segir:

- Framkvæmdastjórnin veitir tillögum viðtöku, skráir þær og staðfestir móttöku.
- Framkvæmdastjórnin kannar umsóknirnar.
- Endanleg ákvörðun er tekin og tilkynnt umsækjendum.

Styrkþegar verða valdir samkvæmt viðmiðum sem koma fram í skjölunum sem fylgja þessari auglýsingu um tillögur og á grundvelli fjárveitinga.

Öll málsmeðferðin fellur undir trúnaðarskyldu. Eftirlaga hlýtur samþykki framkvæmdastjórnarinnar verður gerður samningur (í evrum) milli framkvæmdastjórnarinnar og umsækjanda.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er endanleg.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar vegna tilmæla framkvæmdastjórnarinnar
frá 21. október 2003 um fullnustu ákvæða á sviði umferðaröryggis**

2004/EES/24/13

Framkvæmdastjórnin hefur birt orðsendingu vegna tilmæla framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 2003 um fullnustu ákvæða á sviði umferðaröryggis.

Um nánari upplýsingar sjá Stjttíð. ESB C 93 frá 17. apríl 2004.